



# FANGELISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

*Alþingi*

Dagsetning

*Erindi nr. P 136/15*

*Tilvistun  
komudagur 4. 11. 2008*

Nefndasvið Alþingis

3. nóvember 2008

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Fangelsismálastofnun vísar til erindis allsherjarnefndar, dags. 28. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 33. mál, upptaka eigna, hryðjuverk, mansal o.fl.

Fangelsismálastofnun gerir ekki athugasemd við efnislega þætti frumvarpsins en hefur athugasemd við fylgiskjal frumvarpsins frá fjármálaráðuneytinu þar sem haldið er fram að ekki sé ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins muni hafa í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hámarksviðurlög vegna brota á ákvæðum þess varði allt að ævilöngu fangelsi. Ljóst er að þegar ný lög öðlast gildi þar sem hámarksrefsing er þyngd eða ný háttsemi gerð refsiverð aukast líkur á að föngum fjölgi og refsingar almennt þyngist. Fangelsismálastofnun hefur m.a. það hlutverk að lögum að fullnusta refsingar. Fjölgun fanga hefur í för með sér verulega aukinn kostnað við fullnustu refsinga en heildarrefsitími sem stofnuninni barst til fullnustu árið 2007 var 35 % hærri en árið áður. Því liggar það ljóst fyrir að fullgilding þessa frumvarps sem og annarra sem hafa í för með sér þyngingu refsinga fela í flestum tilvikum í sér aukin útgjöld ríkissjóðs.



Páll E. Winkel